

Lindarhvoll ehf.

Ársreikningur 2020

Lindarhvoll ehf.
kt. 670416-0460
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	3
Áritun ríkisendurskoðanda	4
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit yfir sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Skýrsla og undirritun stjórnar

Ríkissjóður Íslands stofnaði félagið Lindarhvol ehf. til að annast umsýslu, fullnustu og sölu tiltekinna verðmæta sem Seðlabanki Íslands tók á móti í tengslum við stöðugleikaframlag slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja, sbr. 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

Í ársbyrjun 2018 hafði Lindarhvoll ehf. að mestu lokið þeim verkefnum sem það hafði með höndum og komið stærstum hluta þeirra eigna í verð, sem það annaðist umsýslu með. Samkomulag varð um það milli stjórnar Lindarhvals og fjármála- og efnahagsráðuneytisins að fella við svo búið niður samning sem ráðuneytið gerði við félagið í apríl 2016 um úrvinnslu og umsýslu stöðugleikaeigna frá og með 7. febrúar 2018. Félaginu skyldi slitið í kjölfarið. Eftir uppsögn samningsins við fjármála- og efnahagsráðherra hefur félagið nær enga starfsemi haft með höndum, önnur en verkefni og útistandandi skuldbindingar sem tengjast dómsmáli á hendur félaginu og eftirliti Ríkisendurskoðunar með framkvæmd samnings fjármála- og efnahagsráðuneytisins um úrvinnslu og umsýslu stöðugleikaeigna.

Stjórn Lindarhvals ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík,

2021

Esther Finnbogadóttir
undirritað rafrænt

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnenda og hluthafa Lindarhvals ehf.

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum fyrir opinbera aðila.

Kannað var hvort rekstur félagsins var í samræmi við þau lög sem um félagið gilda og eftir atvikum fjárlög og fjáráukalög, sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun,

2021

Skúli Eggert Þórðarson,
ríkisendurskoðandi - undirritað rafrænt

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnenda og hluthafa Lindarhvols ehf.

Álit

Endurskoðun á meðfylgjandi ársreikningi Lindarhvols ehf. fyrir árið 2020 var framkvæmd samkvæmt lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Endurskoðandi staðfestir samkvæmt bestu vitund að í skýrslu stjórnenda eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit endurskoðanda að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Lindarhvols ehf. 31. desember 2020, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð endurskoðanda samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Endurskoðandi er óháður Lindarhvoli ehf. og hefur unnið í samræmi við lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðenda (INTOSAI). Endurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit á ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, settar reglur og fyrirmæli. Þeir eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins.

Markmið endurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Framkvæmd endurskoðunar okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Þá ber við endurskoðunina að fara eftir ákvæðum laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í þessu felst að endurskoðanda ber að:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Kanna hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.
- Afla skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Meta í heild sinni, hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, mat framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Endurskoðandi upplýsir stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal anmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun 2021

Óskar Sverrisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýring	2020	2019
Framlag ríkissjóðs	9	17.188	14.424
Rekstrarkostnaður	7	(13.451)	15
Launagreiðslur	5	(3.093)	319
Endurskoðun og eftirlit	6	<u>(655)</u>	<u>(14.787)</u>
		<u>(17.199)</u>	<u>(14.453)</u>
Rekstrarhagnaður (- tap)		(11)	(29)
Fjármunatekjur		14	37
Fjármagnstekjuskattur		<u>(3)</u>	<u>(8)</u>
Hagnaður (- tap) ársins		<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýring	2020	2019
Veltufjármunir			
Krafa á ríkissjóð	9	10.052	4.747
Handbært fé	4	<u>20.048</u>	<u>28.939</u>
Eignir alls		<u>30.100</u>	<u>33.686</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hlutfé		30.000	30.000
Hagnaður ársins.		<u>0</u>	<u>0</u>
Samtals		<u>30.000</u>	<u>30.000</u>
Skammtímaskuldir			
Skammtímaskuldir		<u>100</u>	<u>3.686</u>
		<u>100</u>	<u>3.686</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>30.100</u>	<u>33.686</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	2020	2019
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður (-tap)	(11)	(29)
Aðrar rekstartengdar eignir (-hækkun) lækkun	(5.305)	8.125
Rekstartengdar skuldir hækkun (-lækkun)	(3.586)	670
Handbært fé frá (-til) rekstri án vaxta og skatta	(8.902)	8.766
Fjármunatekjur	14	37
Fjármagnstekjuskattur	(3)	(8)
Handbært fé frá (-til) rekstri	(8.891)	8.796
(-Lækkun), hækkun handbærs fjár	(8.891)	8.794
Handbært fé í upphafi árs	28.939	20.144
Handbært fé í árslok	20.048	28.939

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Lindarhvoll ehf. starfar á grundvelli laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess að annast umsýslu, fullnustu og sölu á eignum ríkissjóðs, mótteknum sbr. 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Lindarhvals ehf. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

3. Framlag ríkissjóðs.

Samkvæmt 5. gr. samnings fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf. dags. 29. apríl 2016 er kveðið á um að kostnaður við úrvinnslu og ráðstöfun stöðugleikaframlagseigna skuli greiddur af söluvirði þeirra.

4. Handbært fé.

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymisýfirliti samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

5. Launagreiðslur.

Launatengd gjöld voru neikvæð á árinu 2019 vegna endurgreiðslu.

	2020	2019
Laun	2.700	
Launatengd gjöld	393	(319)
Samtals	<u>3.093</u>	<u>(319)</u>

6. Endurskoðun og eftirlit.

Kostnaður við endurskoðun ársreiknings og eftirlit með framkvæmd samnings með fullnustu og sölu stöðugleikaeigna.

Endurskoðun og eftirlit	<u>655</u>	<u>14.787</u>
-------------------------------	------------	---------------

Skýringar

7. Rekstrarkostnaður.

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2020	2019
Aðkeypt lögræðiþjónusta	10.732	
Virðisaukaskattur vegna aðkeyptar þjónustu	2.576	
Bókhaldsþjónusta	100	
Annar kostnaður	43	(15)
Samtals	<u>13.451</u>	<u>(15)</u>

8. Eigið fé.

Hlutfé í ársbyrjun	30.000	30.000
Hagnaður ársins	0	0
Eigið fé samtals	<u>30.000</u>	<u>30.000</u>

9. Krafa á ríkissjóð.

Viðskiptastaða við ríkissjóð vegna þjónustutekna greinist með eftirfarandi hætti:

Staða í ársbyrjun	4.747	12.872
Innborgun frá ríkissjóði	-14.424	-22.549
Krafa á ríkissjóð vegna nettó gjalda ársins	<u>17.188</u>	<u>14.424</u>
Viðskiptastaða vegna þjónustutekna í árslok	<u>7.511</u>	<u>4.747</u>

Ofgreidd ríkissjóðsinnheimta:

Innborgun 2020 - ofgreidd ríkissjóðsinnheimta	2.541	0
Heildarkröfur í árslok	<u>10.052</u>	<u>4.747</u>

Skýringar

Önnur mál

10. Aðrar upplýsingar

Frigus II ehf. hefur stefnt íslenska ríkinu og Lindarhvoli ehf. til greiðslu skaðabóta að fjárhæð rúmlega 651 milljón króna vegna tjóns sem félagið telur sig hafa orðið fyrir vegna sölumeðferðar Lindarhvols á hlutafé í Klakka ehf. og nauðasamningakröfu á hendur sama félagi. Að mati Frigusar var tilboð félagsins sniðgengið í söluferlinu og þess í stað fallist á tilboð sem ekki uppfyllti skilyrði útboðsins. Málið var þingfest í september 2020.

Undirritunarsíða

Ríkisendurskoðandi
Skúli Eggert Þórðarson

endurskoðandi
Óskar Sverrisson

Esther Finnbogadóttir